| | Skólastofur Bókasafn | Íþróttahús Búningsklefar | Forstofur Gangar | Skólalóð Inngarðar | Matsalur | Salur | Salerni | Skólabíll | Vettvangs-ferðir | Frístund |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Ábyrgð*** | ***Við höfum hendur og fætur hjá okkur – Við erum stundvís – Við flokkum rétt – Við skiljum sælgæti og gos eftir heima*** | | | | | | | | | |
| | -Við nýtum tímann vel og komum okkur strax að verki.<br>-Við höfum vinnufrið og biðjum um aðstoð á viðeigandi hátt.<br>-Við fáum leyfi kennara til að vera með tónlist. | -Við göngum inn í röð og hengjum fötin snyrtilega upp.<br>-Við förum inn og út úr sal með leyfi starfsmanns.<br>-Við nýtum tímann vel og komum okkur strax að verki. | -Við setjum skó í skóhillur.<br>-Við röðum skólatöskum upp við vegg eða hengjum á snaga.<br>-Við göngum frá yfirhöfnum á snaga. | -Við setjum hjól í hjólagrindur eða hjólastæði og læsum þeim.<br>-Við notum viðeigandi öryggisbúnað (hjálma).<br>-Við erum inni á skólalóðinni. | -Við bíðum í röð.<br>-Við göngum frá hreinu borði.<br>-Við setjum tónlist í tösku í hádeginu. | -Við sitjum í aldursröð, yngstir fremst og elstir aftast.<br>-Við göngum í röð til og frá sal. | -Við notum pappír og sápu sparlega. | -Við gætum eigna okkar.<br>-Við sitjum kyrr í sætum og spennum belti. | -Við fylgjum reglum sem gilda á hverjum stað.<br>-Við höldum hópinn.<br>-Við notum viðeigandi öryggisbúnað (hjálma). | -Við setjum skóla-töskur í hillu. |
| ***Virðing*** | ***Við erum kurteis og jákvæð – Við fylgjum fyrirmælum starfsmanna – Við virðum eigur annarra og göngum vel um*** | | | | | | | | | |
| | -Við göngum hljóðlega um og tölum lágt.<br>-Við hlustum á þann sem hefur orðið.<br>-Við virðum vinnusvæði annarra.<br>-Við yfirgefum skólastofu með leyfi kennara.<br>-Við notum farsímann eingöngu sem tónlistartæki eða tölvu | -Við virðum að ekki eru allir eins og hafa mismunandi færni.<br>-Við höfum slökkt á farsímum og geymum þá í tösku. | -Við göngum hægra megin, víkjum þegar við á og tölum lágt. | -Við virðum leik annarra og reglur um vallarúthlutun.<br>-Við erum vestan við skólann í snjó-kasti. | -Við göngum hægra megin, víkjum þegar við á og tölum lágt.<br>-Við tökum ofan höfuðföt.<br>-Við höfum slökkt á farsímum í hádeginu. | -Við göngum hljóðlega um og tölum lágt.<br>-Við sitjum hljóð og hlustum á flutning annarra.<br>-Við tökum ofan höfuðföt.<br>-Við höfum tónlist og farsíma í tösku. | | | | -Við virðum leik annarra. |
| ***Vinátta*** | ***Við hugsum um þá sem eru einir og skiljum engan útundan – Við hjálpumst að og erum góð hvert við annað*** | | | | | | | | | |
| | -Við leyfum hverjum sem er að vera hjá okkur og vinna með okkur. | -Við leyfum hverjum sem er að vera hjá okkur og vinna með okkur. | . | | | | | | | |